

13. MAÍ 2023  
14:00

HARPA  
ELDBORG



# Dýrasinfónían



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Leikfangasinfónían

Fyrsti þáttur *Leikfangasinfóníunnar* er fluttur með aðstoð Maxa og ungra einleikara úr Skólahljómsveit Austurbæjar sem leika á dótatrompet, trommu, þríhorn, næturgala- og gauksflautur og hrossabrest. Fyrsti þáttur sinfóníunnar nefnist *Allegro* sem er ítalska, þýðir líflega. Það má því búast við mikilli leikgleði þegar Maxi og félagar slást í för með Sinfóníunni. Ekki er með öllu ljóst hver samdi *Leikfangasinfóníuna* en hún hefur verið eignuð þremur tónskáldum: Leopold Mozart, Joseph Haydn og Edmund Angerer.

# Dýrasinfónían

Dan Brown, rithöfundur og tónskáld, byrjaði mjög ungur að semja tónlist. Hann ólst upp í tónlistarfjölskyldu, söng í kórum, lék á píanó og fannst óskaplega gaman að fara á tónleika. Hann fann traustan vin í tónlistinni og spilar á píanóið sitt á hverjum degi. Í Dýrasinfóníunni segir frá allskonar dýrum, bæði skrítnum og skemmtilegum, í tali og tónum. Sum dýrana fela sig í fjörugum lögunum og er það skemmtileg þraut fyrir tónleikagesti að leggja við hlustir og reyna að finna þau. Þar sem dýrin eru frábærir vinir og geta kennt okkur svo marga, leggja þau til ýmis heilræði og hugmyndir sem geta gert okkur lífið léttara. Líflegum myndum Susan Batori er varpað upp meðan á upplestri og tónlistarflutningi stendur en myndirnar geyma líka ýmis leynileg skilaboð og þrautir.



Bókin *Dýrasinfónían* var gefin út af Bjarti í Reykjavík árið 2021 og hefur útgefandi gefið góðfúslegt leyfi til að nota þýðingar Árna Sigurjónssonar á tónleikunum.

# Dýrasinfónían

## LITLI TÓNSPROTINN

### Sinfóníuhljómsveit Íslands

#### Aliisa Neige Barrière

Hljómsveitarstjóri

#### Bergur Þór Ingólfsson

Sögumaður

#### Leikfangasextett

#### Nemendur úr Skólahljómsveit

#### Austurbæjar

Elísabet Helga Ólafsdóttir

Elín Margrét Guðmundsdóttir

Huginn Bjarki Ragnarsson

Elmar Ricart Andrason

Erpur Arnórsson

Sölvi Jarl Snorrason

Ingunn Jónsdóttir

æfingastjörn

#### Maxímús Músíkús

Sigrún Ásta E. Kolbeins

### Efnisskrá

#### Leopold Mozart

Leikfangasinfónían, 1. þáttur

#### Dan Brown

Dýrasinfónían

#### Susan Batori

myndir

#### Árni Sigurjónsson

þýðandi

Tónleikarnir eru teknir upp  
af Rás 1 og sendir út síðar.



# Litli tónsprotinn á næsta starfsári



## Ástarsaga úr fjöllum

Skyggst er inn í heim íslenskra trölla á hugljúfan og hnyttinn hátt. Þessi ástsæla saga Guðrúnar Helgadóttur er sannkölluð þjóðargersemi og er flutt í fallegum hljómsveitarbúningi þar sem dregnar eru upp líflegar hljóðmyndir af dulúðugum, spennandi heimi tröllanna. Sögumaður verður Jóhann Sigurðarson leikari og í Eldborg verður tröllamyndum Brians Pilkington varpað upp á meðan á flutningi stendur.



## Jólatónleikar

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa um árabíl notið gífurlegra vinsælda þar sem sígildar jólaperlur í bland við klassísk jólaævintýri og grípandi hljómsveitartónlist eru allsráðandi. Ungir hljóðfæraleikarar, ballettdansarar og einleikarar ásamt stúlknakór Reykjavíkur, Páli Óskari, Jóhönnu Guðrúnu og Kolbrúnu Völkudóttur færa hlustendum jólalögin í sannkölluðum hátíðarbúningi.



## Dimmalimm og Svanavatnið

Ævintýrið um Dimmalimm er meðal helstu gersema listmálarans Muggs sem málaði gullfallegar myndir með sögunni sem tónleikagestir njóta í tónleikasal. Tónlist Atla Heimis Sveinssonar við verkið verður flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands, Graduale-kór Langholtskirkju og dönsurum úr Listdansskóla Íslands. Valdir þættir úr Svanavatninu eftir Tsjajkovskíj hljóma einnig á tónleikunum og trúðurinn Barbara, leikinn af Halldóru Geirharðsdóttur, er kynnrir og sögumaður.



## Eldfuglinn

Eldfuglinn er eitt litríkasta hljómsveitarævintýri sem sögur fara af. Á þessum kraftmiklu tónleikum segir Halldóra Geirharðsdóttir tónleikagestum frá Eldfuglinum sem birtist í öllu sínu veldi, leyndarmálum skógarins, fjöregginu og gulleplunum. Myndum teiknarans Ara Yates, sem sýna Eldfuglinn dansa og svífa á milli greina töfratrjána, verður varpað upp meðan á flutningi stendur.